FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

**Háskóla-iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti**

**b.t. Skrifstofu framkvæmdar og eftirfylgni**

Sent í Samráðsgátt

**Efni: Umsögn Félags iðn- og tæknigreina (FIT) um áform um breytingu á reglugerð nr. 585/2011 viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi.**

Eins og fram kemur í texta með ofangreindri reglugerðarbreytingu virðist FIT að helsti tilgangur breytingar á reglugerðinni að gera ríkari aðgreiningu þegar kemur að úrvinnslu umsókna sem koma frá ríkjum utan EES. Eins og segir í textanum með reglugerðinni þá hefur í „... seinni tíð vaknað grunur um að umsóknir sem berast frá löndum utan EES uppfylli ekki skilyrði um áreiðanleika og sérstök þörf sé á að viðhafa ríkari aðgreiningu þegar kemur að úrvinnslu þeirra. Með breytingunni er lagt til að heimilt verði að kalla eftir frumriti prófskírteinis í tilvikum þegar vafi leikur á áreiðanleika innsendra gagna.„

FIT fagnar þeirri áherslu sem felst í því að herða eigi á kröfum og auka gæði. Í því sambandi veltir FIT fyrir sér hvort ekki sé rétt að setja aftur inn í reglugerðina kröfu um að gögnin sem skilað sé inn séu þýdd af löggiltum aðila þar sem það myndi þá einnig auka öryggi og gæði þeirra gagna sem unnið er með við umsóknarferilinn.

Fit gerir aftur á móti athugasemdir við þær breytingar sem verið er að gera sem í raun virðast alls ekki vera til þess gerðar að auka gæði eins og þó er boðað í framangreindum texta með reglugerðinni.

Í reglugerðardögunum, 8. gr., er gert ráð fyrir að fella niður 2. málslið 9. gr. reglugerðarinnar sem, fjallar um um *afmarkaða viðurkenningu*. Fjallar 2. málsliður um þá skyldu ráðuneytisins að gefa upp hvað viðkomandi aðili þarf til að fá lokið prófi til löggildingar. FIT harmar að verið sé að minnka kröfur til ráðuneytisins um að aðstoða aðila til að verða sér úti um menntun við hæfi. Telur FIT eðlilegt að ýtt sé undir að aðilar hafi þá menntun sem nauðsynleg er. Þá telur FTI að „Afmörkuð viðurkenning" sé í raun aðför að löggiltum iðngreinum því íslenskum iðnaði og íslenskum fyrirtækjum vantar fagmenntaða starfsmenn, sbr. það sem kom fram í könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla- og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði sem gerð var á þessu ári. Sú könnunin leiddi það skýrt í ljós að það vantar fleiri fagmenntaða starfsmenn, t.d. þá kom fram í könnuninni að 52% iðnfyrirtækja skortir starfsfólk með ákveðna færni eða menntun. Það er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt kerfi fyrir sí- og endurmenntun sem mætir þörfum atvinnulífs og almennings og ekki sé verið að leita leiða framhjá því.

Hvað varðar iðnaðarmenn þá hefur Iðan-fræðslusetur verið í fararbroddi sí- og endurmenntunar iðnaðarmanna. Þá er hlutverk rafrænna ferilbóka mikilvægt fyrir menntun iðnaðarmanna og því væri eðlilegt að það væri bætt við D) lið inn í 7. gr. gildandi reglugerðar þar sem kæmi fram að Rafræn ferilbók sé notuð til að meta hæfni og halda utan um þróun þeirra sem nýta sér heimild 7. gr. reglugerðarinna. Það sem vantar upp á menntun og reynslu þeirra aðila væri hægt að bæta úr með því að viðkomandi aðilar myndu sækja sí- og eða endurmenntunarnámskeið hjá Iðunni til þess að fá fulla löggildingu sem haldið væri utan um í rafrænni ferlabók. Með þessu væri tryggt að þeir sem ynnu við iðn hefðu þá menntun sem til þarf.

Þá mótmælir FIT því að verið sé að útvista viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til ENIC/NARIC án þess að það sé í nokkru skilgreint frekar, sbr. 1 og 3. gr. í drögum að breytingum en ENIC/NARIC veitir einungis viðurkenningu á erlendu akademísku námi. Mat á iðnámi hefur verið hjá Rafmennt og Iðunni-

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

fræðslusetri og telur FIT að þær stofnanir séu betur til þess fallnar varðandi mat á og viðurkenningu á erlendri starfsmenntun og starfsreynslu erlendis frá. Mikilvægt er að þær stofnanir sem sinna raunfærnimati í iðn- og verkgreinum hafi umboð og lokaorð um það hvort viðkomandi fái viðurkenningu á menntun eða ekki. FIT telur rétt reglan ætti að vera sú að aðeins þegar staðfest jákvæð umsögn Iðunnar eða Rafmenntar í löggildum iðngreinum liggur fyrir skal sýslumaður staðfesta réttmæti framlagðra gagna og gefa út leyfisbréf.

Mikil ásókn er í það að fá viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi. Til þess að sinna þessum hópi vel þarf stöðugildi og fjármagn til að meta. Kerfið þarf að vera skilvirkt, sanngjarnt og vera með úrræði eins og nágrannalöndin okkar eru með. Sumar af nágrannaþjóðum okkar bjóða upp á raunfærnimat og að allir fari svo í sama sveinsprófið, til að taka hæfnipróf inn á markaðinn, sem verndar neytandann í þessu samhengi. FIT leggur til að Iðan fræðslusetur og Rafmennt sinni mati á námi í iðn- og verknámi og fái til þess fjármagn sem samsvari 1-2 stöðugildum til þess að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Þannig er tryggt að boðið sé uppá skilvirk úrræði fyrir fólk og tryggð séu jafnframt gæði á markaðinum.

Þá gerir FIT athugasemd við 7. gr. draga að breytingum. Samkvæmt 12 .gr. laga nr. 42/1978 um handiðnað þá er þá ráðherra sem gefur út sveinsbréf en sýslumaður meistarabréf. Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. sömu laga kemur fram að sýslumenn skuli staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun, *eftir að félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt.* FIT ítrekar því að í reglugerðina vantar að setja skýrar línur um þessa eftirlitskyldu fagaðila. Að mati FIT þá stenst ekki lög að veita ENIC/NARIC og sýslumönnum þetta vald í reglugerð án þess að frekari aðkoma fagfélaga iðnaðarmanna komi til. Telur FIT nauðsynlegt að kveðið sé á um það í reglugerð hvernig standa beri að því aðkomu fagfélaganna og því ferli öllu.

Að lokum vill FIT taka fram að mikilvægt að reglur um menntun og löggildingu iðnaðarmanna séu ekki óskýrar m.a. þar sem að iðnaðarmenn eru oft að höndla með dýrmætustu eignir almennings og fúsk veldur miklu tjóni eins og dæmin sanna. Því er það mikilvægur hlutur í neytendavernd, að mati FIT, að halda uppi sterku kerfi um menntun iðnaðarmanna og sem hlut af því er mikilvægt að í lög verði settar reglur um eftirlit og viðurlög við því að brjóta gegn lögum sem um þetta fjalla t.d. lögum um handiðnað og að það eftirlit verði til í raun. FIT telur að nauðsynlegt sé að náið samráð verði viðhaft við fagfélög iðnaðarmanna um reglusetningu um störf og menntun iðnaðarmannanna. Lýsir FIT sig tilbúið til slíks samráðs, meðal annars um þau atriði sem fram koma hér að ofan í umsögninni.

Virðingarfyllst

Félag iðn- og tæknigreina

Hilmar Harðarson

Formaður

Stórhöfða 31 – 110 Reykjavík – Sími 535 6000 – Fax 535 6000 – fit@fit.is – www.fit.is